

Nd. **3. Frumvarp til laga** [3. mál]
um breyting á lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966 um Lánasjóð sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs sveitarfélaga er sem hér segir:

- a. Árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er nema skal 5% af vergum tekjum sjóðsins.
 - b. Árlegt framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga. Skal framlagið nema eigi lægri upphæð en 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á viðkomandi ári.
 - c. Árlegt lán úr Framkvæmdasjóði Íslands.
 - d. Aðrar lántökur.
 - e. Afborganir og rekstrartekjur.
- Framlag Jöfnunarsjóðs greiðist þannig:
Þriðjungur fyrir 1. maí,
Þriðjungur fyrir 1. september og eftirstöðvarnar fyrir 1. desember.

2. gr.

Aftan við 12. grein laganna komi ný mgr. svohljóðandi:
Skuldabréf fyrir lánum, sem sjóðurinn tekur og veitir, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966, og tók hann til starfa í ársbyrjun 1967. Sérstök nefnd skipuð af þáverandi fjármálaráðherra Gunnari Thoroddsen, sem þá fór með fjármál sveitarfélaga, samdi frumvarp til laga um sjóðinn, og var það lagt fyrir Alþingi vorið 1965 sem stjórnarfrumvarp. Nefndin hafði kynnt sér ítarlega löggjöf í nágrannalöndum um lána- stofnanir sveitarfélaga, svo og lagaákvæði um fjárfestingarlánasjóði hér á landi.

Í frv. nefndarinnar, eins og það var lagt fram á Alþingi, voru ákvæði um árleg, óafturkræf framlög til sjóðsins, svo sem hér segir:

- a. Árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga kr. 15 millj.
- b. Árlegt framlag úr rikissjóði — 15 millj.

Í frv. var því gert ráð fyrir því, að árleg, óafturkræf framlög til sjóðsins yrðu alls 30 millj. kr. á ári. Í athugasemdum við frv. er þessu ákvæði laganna þurfi vitaskuld að breyta í samræmi við verðlagsþróunina í landinu á hverjum tíma. Ákvæðinu um árlegt framlag rikissjóðs til Lánasjóðsins var breytt á þá lund, svo sem nú er í lögnum, að rikissjóðsframlagið yrði skv. ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Hin óafturkræfu framlög til Lánasjóðs sveitarfélaga hafa verið frá stofnun hans, svo sem hér segir:

	Frá Jöfnunarsjóði	Frá rikissjóði	Alls
1967	15 000 000	4 500 000	19 500 000
1968	15 000 000	4 500 000	19 500 000
1969	15 000 000	4 500 000	19 500 000
1970	15 000 000	4 500 000	19 500 000
1971	15 000 000	4 500 000	19 500 000
1972	15 000 000	7 000 000	22 000 000
1973	15 000 000	5 950 000	20 950 000
1974	15 000 000	8 000 000	23 000 000

Miðað við, að rikissjóðsframlagið verði óskert í ár hafa því samanlögð óafturkræf framlög til sjóðsins aðeins hækkað um tæp 18% á þeim tæpum átta árum, sem liðin eru, frá því lögin voru samþykkt.

Haldi svo fram, sem verið hefur, að raungildi hinna árlegu, óafturkræfu framlaga til sjóðsins minnki stöðugt, er sjóðnum stefnt í bráða hættu. Eigið ráðstöfunarfé sjóðsins mun þá fara minnkandi, hlutfallið milli eigin ráðstöfunarfjár sjóðsins og endurlánaðs fjár í árlegum útlánum yrði sífellt óhagstæðara og sjóðurinn ætti óhægara með að gegna hlutverki sínu.

Af framangreindum ástæðum hafa stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúaráð sambandsins einróma farið þess á leit við félagsmálaráðherra, að hann þeitti sér fyrir breytingu á lögum nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.

Í frumvarpinu (1. gr.) er gert ráð fyrir því, að hin árlegu óafturkræfu framlög til sjóðsins verði í ákveðnum hlutföllum við tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga,

þ.e. framlag Jöfnunarsjóðs verði árlega 5% af brúttó-tekjum sjóðsins og „mót-framlag“ ríkissjóðs verði ákvæðið í fjárlögum hverju sinni og miðað við 2½% af brúttótekjum Jöfnunarsjóðs.

Miðað við áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1974, ef frumvarpið væri orðið að lögum og gildi fyrir yfirstandandi ár, hefðu óafturkræf framlög til Lánasjóðs sveitarfélaga á því ári orðið sem hér segir:

a. Framlag Jöfnunarsjóðs	kr. 47 335 000
b. Framlag ríkissjóðs	— 23 665 000

Samtals kr. 71 000 000

Í 2. gr. frumvarpsins er ákvæði um, að skuldabréf sjóðsins skuli undanþegin stimpilgjaldi. Er þetta ákvæði hliðstætt ákvæðum um aðra fjárfestingarlánasjóði. Athygli skal vakin á því, að lántakendur sjóðsins eru einvörðungu sveitarfélög.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir gildistöku laganna frá 1. janúar 1975.

Fylgiskjal 1.

Útborguð lán 1967—1974.

	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	Samtals
I. Reykjanes	2 150 000	2 900 000	4 900 000	5 500 000	18 000 000	48 150 000	22 300 000	103 900 000
II. Reykjavík	4 000 000	6 000 000	5 000 000	6 000 000	5 840 050	6 000 000	15 000 000	47 840 050
III. Vesturland	2 750 000	3 150 000	1 450 000	2 600 000	2 300 000	13 500 000	14 650 000	40 400 000
IV. Vestfirðir	250 000	1 000 000	1 700 000	1 250 000	6 015 465	5 300 000	12 000 000	27 515 465
V. Norðurland v.	800 000	2 950 000	2 100 000	2 800 000	6 050 930	19 300 000	24 500 000	58 500 930
VI. Norðurland e.	850 000	2 400 000	5 800 000	32 300 000	17 794 098	25 500 000	26 550 000	112 194 098
VII. Austurland	2 650 000	4 130 000	4 350 000	2 600 000	2 963 662	5 200 000	38 900 000	60 793 662
VIII. Suðurland	9 600 000	10 950 000	8 400 000	6 900 000	14 000 000	18 400 000	15 500 000	83 750 000
Samtals kr.	24 050 000	33 480 000	33 700 000	59 950 000	72 964 205	141 350 000	169 400 000	534 894 205

Fylgiskjal 2.

Útborguð lán 1967—1974.

Tegundir framkvæmda	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	Samtals
I. Vatnsveitur	17 150 000	24 480 000	22 050 000	20 500 000	26 900 000	39 900 000	44 800 000	195 780 000
II. Hitaveitur	350 000	300 000	2 000 000	31 000 000	20 000 000	66 000 000	38 200 000	157 850 000
III. Skóla- og íþróttamannvirki	4 850 000	3 250 000	5 100 000	3 250 000	18 964 205	15 800 000	14 150 000	65 364 205
IV. Gatnag. og holr. ..	1 100 000	3 450 000	1 900 000	4 000 000	3 300 000	17 750 000	67 750 000	99 250 000
V. Sjúkrahús og lækniíbúst.	300 000	0	2 150 000	400 000	500 000	1 000 000	0	4 350 000
VI. Ýmislegt	300 000	2 000 000	500 000	800 000	3 300 000	900 000	4 500 000	12 300 000
Samtals kr.	24 050 000	33 480 000	33 700 000	59 950 000	72 964 205	141 350 000	169 400 000	534 894 205

Fylgiskjal 3.

Lánasjóður sveitarfélaga.

Ár	Veitt lán þús. kr.	Tekið lán þús. kr.	Eigið ráðstöfunarfé sjóðsins	
			í þús. kr.	% af veittum lánnum
1967	24 050	5 000	19 050	75.8
1968	33 480	15 000	18 480	55.0
1969	33 700	10 000	23 700	73.0
1970	59 950	25 000	34 950	58.2
1971	72 964	40 000	32 964	45.2
1972	141 350	100 000	41 350	29.2
1973	169 400	120 000	49 400	29.5
	Alls kr.	534 894	300 000	234 894